

75

10. sept.

10. gr. orðist svo:

Vatnsveitunefnd er heimilt, eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar, að selja öllum þeim eða nokkrum þeim, er vatn nota til verksmiðjuviðnaðar, síldarsöltunar og fiskverkunar, aðeins um vatnsmæli, er vatnsnotendur kosta. Slíkir vatnsnotendur greiði vatnsskatt, kr. 5,00, fyrir hverja smálest vatns, sem þeir nota, ef eigi semst um lægra gjald eða bæjarstjórn ákveður gjaldið ekki lægra.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. október 1926, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. sept. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

76

10. sept.

REGLUGJÖRD

um

vatnsveitu Flateyrarhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefir einkaleyfi til umráða og starfrækslu á vatnsveitufyrirtæki því, sem hreppurinn öðlaðist samkvæmt gjafabréfji dags. 4. jan. 1926.

Vatnsveitusvæðið er Flateyrartangi, milli Bóta, upp að svonefndum Eyrarvegi.

2. gr.

Frá vatnsveituæðum þeim, sem lagðar eru, eða lagðar verða, um vatnsveitusvæðið, má enginn leggja neinar vatnsæðar nema með leyfi hreppsnefndarinnar.

3. gr.

76

Hreppsnefndin hefir umsjón með öllu því, er lýtur að vatnsveitufyrir-^{10. sept.}tækinu, og sjer um allar gamlar og nýjar vatnsæðar, breytingar og viðauka, og eru allir skyldir að snúa sjer til hennar um alt, er að slíku lýtur.

4. gr.

Hver sá, er fær vatnsæð samkvæmt 2. gr., skal hlíta fyrirmælum hreppsnefndar um efni, lagningu og annað, sem að því lýtur.

5. gr.

Hreppsnefndinni er heimilt að loka vatnsæðunum fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða nota það svo, að óþrifum valdi.

6. gr.

Hreppurinn hefir einkarjett til neysluvatnssölu og annara vatnsþarfa á vatnsveitusvæðinu, og til skipa, að svo miklu leyti sem hægt er.

7. gr.

Hver, sem skemmir vatnsæðar hreppsins, vatnsþróna, brunahana eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsleiðslunni til, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta sektum, alt að 200 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt hegningarlögunum. Sömu sektum sæti sá, sem brýtur gegn einkarjetti hreppsins til vatnssölu.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. október 1926, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. sept. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.